

Kiwanis

K-dagsnefnd




Lykill að lífi



LANDSSÖFNUNIN LYKILL AÐ LÍFI K- DAGUR 10. – 14. MAÍ 2011

Skýrsla formanns K-dagsnefndar til 2. umdæmisstjórnarfundur starfsárið 2010-2011 laugardaginn 22.janúar 2011

Ég óska öllum Kiwansifélögum gleðilegs árs og þakka fyrir samstarfið á nýliðnu ári Störf K-dagsnefndar hafa verið mikil og er fundað reglulega að meðaltali einu sinni í viku og eru stjórnarnamenn mjög virkir. Einn félagi okkar, Alfred Styrkársson hefur hætt í K-dagsnefndinni vegna veikinda og eru honum færðar bestu þakkir fyrir gott starf og biðjum við fyrir bata hans.



+



= Lykill að lífi

Fulltrúar K-dagsnefndar með Margmiðlunarmenn á milli sín fv.: Hörður Baldvinsson, Lárus Guðmundsson, Heimir Karlsson, Sigurjón Arthur Friðjónsson og Páll V. Sigurðsson

K-dagsnefnd hefur samið við Margmiðlun um kynningarmál og eru markmið sammingsins eftirfarandi:

Hlutverk MM er að afla styrkja í formi fjármuna vegna K-dagsins og aðstoða K-dagsnefndina við kynningar vegna K-dagsins sem verður 10.-14. maí 2011. Einnig mun MM sjá um sammingsgerð um birtingu auglýsinga, í samráði við tengilið K-dagsnefndarinnar. Jafnframt mun hlutverk MM vera að koma verkefninu "Lykill að lífi" á framfæri í fjölmiðlum í aðdraganda söfnunarinnar og eru nú komnir á fullt í sinni vinnu.

Kynningarátak

- Margmiðlunarmenn eru með í undirbúningi kynningarátak í fjölmiðlum
- Í byrjun febrúar verður fyrsta viðtalið í Ísland í Bítíð
- Í framhaldi verða styrktarverkefni kynnt með greinum og viðtölum við styrkaðila, nýtt verða blöð, útlit og sjónvarp.
- Viðræður eru um prentun að lykaspjaldi með leiðbeiningum, upplýsingum og nöfnum helstu styrktaraðila. Einnig prentun á auglýsingastanda til að hafa á sölustöðum
- **Hreyfing er LYKILL að bættri geðheilsu**
- Í tengslum við K-daginn er stefnt að sundkeppni á milli bæjarfélaga um allt land og fjölmiðlar fylgja með árangri hverjir syndi lengst. Viðræður eru hafnar við Sundsambandið sem lýst vel á hugmyndina og hefur áhuga á að vera með og tryggja þátttöku um allt land og jafnvel að koma að sölu. Öll umfjöllun tengist K-lyklinum

Staðan í verkefninu nú er:

- Prufulyklar fyrir Færeyjar eru komnir til klúbbanna þar og standast kröfur.
- Lyklarnir eru tilbúnir í Kína og TVG-Zimsen flytja lyklana frá Kína og og syrkja verkefnið með fríum flutningi en greiða þarf fastan kostnað að upphæð kr. 48 þúsund.
- Flutningur tekur 4-5 vikur þannig að lyklar ættu að vera komnir í byrjun mars
- Verð á 35 þúsund lyklum er um 3,5 milljónir og 5 þúsund lyklum til Færeyjar um 560 þús
- Unnið er að setja upp svæðaskiptingu og funda með tengiliðum
- Búið er að setja inn K-dags krækju á heimasíðu umdæmisins kiwanis.is. Hvetjum við alla til að fara reglulega inn á heimasíðuna, nýta sér gögn þar og að hafa samband við okkur í nefndinni.

Fundaáætlun

- **Skipuleggja heimsóknir á Svæðisráðstefnur**
 - 5. feb Óðinssvæði á Akureyri
 - 12 feb Ægissvæði í Hafnarfirði
 - 19. feb Grettissvæði á Sauðárkróki
 - 26. mars Eddusvæði á Akranesi
 - 9. apríl Sögusvæði í Vestmannaeyjum
 - 30. apríl Þórsvæði í Reykjavík
- **Til klúbba þar sem áhersla er lögð á:**
 - Að klúbbar setji sér markmið og skipuleggi sölu til einstaklinga og fyrirtækja, kanni möguleika á forsölu og tryggi sér samstarfsaðila við sölu þar sem þörf er.
 - Búið er að setja upp form að samstarfsamningi fyrir söluaðila.
 - Allir þurfa lykla, ekki bara heimili, heldur einnig fyrirtæki og þar er möguleiki á að koma lyklum í forsölu.
- **Skipulagt samstarf Kiwanisklúbba í Reykjavík**
 - Sent hefur verið út bréf til allra klúbba og boða til fundar um skipulag á samstarfi við undirbúning og framkvæmd söluherferðar í Reykjavík.

Styrktaraðilar:

- Áliðjufyrirtækin ISAL og Alcoa hafa samþykkt að styrkja verkefnið með kr. 500 þús hvort. Viðræður hafa átt sér stað við Norðurál sem einnig hefur tekið jákvætt í málið.
- Í farvatninu er samningur við fjármálafyrirtæki sem fjárgæsluaðila og jafnframt sem styrktaraðili.
- Unnið er markvisst í viðræðum við fyrirtæki af hálfu Margmiðlunar
- Lyklar verða seldir um allt land á öllum N1 stöðvum
- Unnið er að ná samningi við ókeypis skurð á lyklum á landsvísu

Styrktarverkefni

Eftirfarandi verkefni hafa verið samþykkt

1. Lautin á Akureyri, sem er: „Athvarf fyrir fólk með geðraskanir“
2. BUGL, sérverkefni sem snýr að þjónustu við ungt fólk m.a. á landsbyggðinni
3. Miðstöð foreldra og barna (MFB) sem skiptist í þrennt; foreldraeflingu, meðgönguhópa og tengslaeflingu. Miðstöðin er m.a með sérhæfð úrræði við fæðingarþunglyndi.

Niðurlag.

Við í K-dagsnefndinni leggjum áherslu á að nú er hafinn loka undirbúningur að markvissri kynningu og skipulagningu á söluherferðar um allt land með öflugri þátttöku Kiwanisfélaga. Markmið okkar er að ná fram því markmiði okkar að selja alla lyklana.

Því markmiði náum við Kiwanisfélagar með samstilltu átaki okkar allra. **Lýkill að lífi**
F.h. K-dagsnefndar Kiwanisumdæmisins
Gylfi Ingvarsson formaður